

**Ed.**

**33. Breytingartillaga**

**[15. mál]**

við frv. til l. um breyt. á skipulagslögum, nr. 19 frá 21. maí 1964.

Frá Oddi Ólafssyni.

Á eftir 2. gr. komi ný grein er verði svo hljóðandi:

13. gr. IV. kafla orðist svo:

Ráðherra skal, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, setja reglugerð um gerð skipulagsuppdráttar, samkv. 10.—11. gr. Þar skal meðal annars ákveðið um mælikvarða og frágang uppdráttar og hver greinargerð skuli fylgja uppdrætti. Einnig skal þar ákveðið, hvaða lágmarkskröfur skuli gera um fjölda opinna bifreiðastæða, er fylgja hverju húsi eða byggingarreit, og skal í því efni miðað við notkun þess, svo og um stærð leiksvæða fyrir börn á lóðum íbúðarhúsa og athafnasvæði fyrir íbúa að öðru leyti.

Enn fremur skal þar kveðið á um lágmarksfjarlægð milli húsa, og skal í því efni við það miðað að í íbúðarhverfum njóti fullnægjandi birtu á aðalsólarhlið húss.

Þá skal og kveða þar á um nýtingarhlutfall í hinum ýmsu hverfum, en nýtingarhlutfall er hlutfallið milli samanlagðs gólfplatar húss og lóðarstærðar.

Kveðið skal á um, að hið skipulagða svæði geri fötluðum og öldruðum auðvelt að komast leiðar sinnar. Ef um sérstök íbúðarhús fyrir fatlaða og aldraða er að ræða á framkvæmdasvæðum, skulu þau sett sem næst miðju, þar sem umferðarmöguleikar eru bestir, og í nágrenni þjónustustofnana. Götur, gangstéttar, bílastæði og opin svæði skulu gerð þannig, að fatlaðir og aldraðir eigi þar greiðan gang um. Bifreiðastæðin næst aðalinngangi hvers húss skulu ætluð fötluðum og stærð miðuð við þarfir þeirra. Gangbrautir yfir götur skulu merktar í sterkum litum vegna sjón-  
dapurra og afmarkaðar með nokkurra millimetra upphækkunum. Ákveða má að auðkenndir skuli sérstaklega á uppdrætti þeir staðir, sem eru áberandi t. d. við torg og aðalgötur, og sé leyfi til byggingar þar bundið samþykki skipulagsstjórnar.